

## 1034. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. nóvember 2009 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Kristinn Örn Jóhannesson, Bjarki Steingrímsson, Ágúst Guðbjartsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Bergur Þór Steingrímsson, Guðrún J. Ólafsdóttir, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Stefanía Magnúsdóttir, Steinar J. Kristjánsson og Jóhanna S. Rúnarsdóttir sem ritar fundargerð. Gestur fundarins var Haukur Ingi Jónasson ráðgjafi.

Dagskrá:

1. **Fundarsetning**

Kristinn Örn setti fundinn kl. 18:15.

2. **Samþykkt fundargerða**

3. **Endurnýjun og nýir trúnaðarmenn**

4. **Styrkbeiðni**

Samþykktur styrkur samtals kr. 250.000 til Neytendasamtakanna.

5. **Dagskrá og fyrirkomulag félagsfundar 30.nóv. 2009**

Umræður.

6. **Stefnumótun: Skipan stjórnarmanna í stýrihóp**

Umræður

7. **Réttindi og skyldur stjórnar VR (framhald frá síðasta fundi)**

Tillaga Kristins Arnar um að Viðmiðunarreglur ASÍ yrðu notaðar innan stjórnar VR borin undir atkvæðagreiðslu. Samþykkt.

8. **Tilhögun eftirlits stjórnarmanna með fjármálum félagsins (frh. frá síðasta fundi)**

Kristinn Örn las upp tillögu sína um vinnureglur stjórnarmanna sem hann lagði fram á síðasta stjórnarfundum nr. 1033. Umræður. Tillaga Bjarka um að vísa vinnureglum stjórnar í stefnumótunarvinnu felld. Tillaga Kristins Arnar samþykkt.

Undir þessum lið var tillaga Bjarka sem var frestað á síðasta fundi tekin til umræðu. Kynnti hann aftur tillögu sína um að fá óháðan endurskoðanda til að vinna með sér í endurskoðun á bókhaldi VR. Umræður. Tillögunni hafnað. Bjarki óskaði eftir því að bókað væri að hann harmi þessa niðurstöðu.

9. **Starfshættir stjórnar**

Umræður.

Stefanía bar upp eftirfarandi tillögu:

“Tillaga um að fá álit lögfræðings/siðfræðings um hvort ástæða sé til að gera frekari greiningu á opinberri umræðu stjórnarmanna í VR”

Samþykkt.

Jóhanna vildi bóka óánægju sína með hversu algengt það væri að stjórnarmenn þyrftu að fara á miðjum stjórnarfundum án þess að hafa látið vita af því fyrirfram.

#### 10. Önnur mál.

Tillaga Guðrúnar lögð til atkvæðagreiðslu um að stjórn VR hafi það sem vinnureglu að halda einn stjórnarfund á ári utan höfuðborgarsvæðis með stærri deildum félagsins. Samþykkt

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 21:00.